

Sjálfvirkar verðbreytingar

Mars 2015



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneyti: Sjálfvirkar verðbreytingar
Mars 2015

Útgefandi: Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8400
Netfang: postur@for.is
Veffang: forsaetisraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Forsætisráðuneyti

© 2015 Forsætisráðuneyti

ISBN 978-9935-9144-9-1

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Samantekt	4
1 Umfang sjálfvirkra verðbreytinga.....	5
1.1 Verðbreytingar hjá sveitarfélögum, leigufélögum og orkufyrirtækjum.....	5
1.1.1 Sveitarfélög.....	5
1.1.2 Húsnæðis- og leigufélög	6
1.1.3 Orkumarkaður.....	6
1.2 Verðbreytingar hjá fyrirtækjum á almennum markaði	7
1.3 Samningsbundnar hækkanir m.v. vísitölu hjá Ríkiskaupum og Reykjavíkurborg	10
1.3.1 Ríkiskaup.....	10
1.3.2 Reykjavíkurborg.....	10
1.4 Heimildir í lögum til sjálfvirkra gjaldskrárhækkana.....	11
2 Leiðir til að draga úr umfangi sjálfvirkra verðbreytinga	12
2.1 Bann við vísitölutengingu	12
2.2 Stíf skilyrði fyrir verðbreytingum í föstum viðskiptasamböndum	13
2.3 Samstarfsáttak gegn sjálfvirkum verðbreytingum	14
2.4 Aukinn hreyfanleiki	15
Lokaorð.....	16
Heimildaskrá.....	17
Viðauki : Skýrsla Capacent	18

Inngangur

Forsætisráðherra skipaði þann 9. júlí 2014 nefnd um leiðir til að sporna gegn sjálfvirkum vísitöluhækkunum. Nefndin var skipuð í kjölfar skýrslu sérfræðingahóps um afnám verðtryggingar af nýjum neytendalánunum frá janúar 2014 en þar segir m.a.: „Hópurinn er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að stemma stigu við þeim rótgróna hugsunarhætti verðtryggingar sem einkennt hefur íslenskt hagkerfi umfram flest önnur á undanföllum áratugum. Má þar m.a. nefna sjálfvirkar hækkanir á vörum og þjónustu vegna verðbólgu og ýmsar tegundir verðtryggðra skammtímasamninga, svo sem verktakasamninga og þjónustusamninga. Sama gildir um verðlagshækkanir í opinberum gjaldskrá, m.a. samkvæmt þar til gerðu frumvarpi sem lagt er fram árlega. Slíkar sjálfvirkar hækkanir kynda undir verðbólgu og hækka þar af leiðandi verðtryggðar skuldir með beinum hætti og óverðtryggðar skuldir með óbeinum. Það bitnar svo aftur sérstaklega á heimilunum þar sem þau eru stærstu lántakendur verðtryggðra skulda. Stöðugleiki í þjóðarbúskapnum, sem einkum felst í að sporna gegn verðbólgu umfram verðbólguþröng Seðlabanka Íslands, er forsenda fyrir jákvæðri hagþróun til framtíðar.“

Í tengslum við skýrslu sérfræðingahópsins og stofnun fastanefndar um samskipti hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins hefur verið hugað að því með hvaða hætti sjálfvirkar hækkanir á vöru og þjónustu og tenging ýmissa skammtímasamninga við vísitölu kynda undir verðbólgu. Á fundi sínum 9. maí 2014 samþykkti ríkisstjórnin verklag við innleiðingu tillagna sem lúta að afnámi verðtryggingar, m.a. að skipa starfshóp um leiðir til að sporna gegn því að sjálfvirkar hækkanir á vöru og þjónustu og tenging við vísitölu neysluverðs leiði til aukinnar verðbólgu. Starfshópnum var fengið það hlutverk að kanna hvaða leiðir væru færar til að minnka áhrif verðtryggðra samninga á markaði.

Í nefndinni eiga sæti Sigrún Ólafsdóttir, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Bergþóra Halldórsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, Elvar Knútur Valsson, tilnefndur af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Georg Brynjarsson¹, tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, Henný Hinz, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Kristinn Bjarnason, tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, tilnefnd af innanríkisráðuneyti.

Nefndin hefur haldið alls sautján fundi á tímabilinu september 2014 til febrúar 2015. Nefndin lagði áherslu á að kortleggja umfang sjálfvirkra hækkana í gjaldskrá og samningum um vöru og þjónustu bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði. Að því loknu fjallaði nefndin um leiðir til að sporna gegn sjálfvirkni verðbreytinga og skoðaði þá helst þrjár leiðir til þess, þ.e. bann við vísitölutengingu, stíf skilyrði fyrir verðbreytingum í föstum samningssamböndum og samstarfsáttak gegn sjálfvirkum verðbreytingum. Í þessari greinargerð verður fyrst sagt frá niðurstöðum úr upplýsingaöflun um framkvæmd verðbreytinga og því næst fjallað um þær leiðir sem helst voru ræddar varðandi hvernig sporna megi gegn sjálfvirkum verðhækkunum.

¹ Georg fór í fæðingarorlof fljótlega eftir að nefndin hóf störf og hefur því ekki tekið þátt í störfum hennar.

Samantekt

Töluvert er um sjálfvirkar verðbreytingar bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði. Að meðaltali segja fulltrúar fyrirtækja tæplega helming innlendra samninga og aðfanga vera beintengda við vísitölur. Hjá sveitarfélögum er einnig mikið um bæði sjálfvirkar og hálf sjálfvirkar verðbreytingar þar sem horft er til breytinga á vísitölu þó teknar séu sjálfstæðar ákvarðanir hverju sinni. Einnig á þetta við um leigufélög þar sem verð eru í flestum tilfellum bundin við vísitölu.

Nefndin fjallaði helst um þrjár leiðir til að sporna gegn sjálfvirkum verðbreytingum. Þær eru:

1. Stíf skilyrði fyrir verðbreytingum í föstum viðskiptasamböndum
2. Samstarfsáttak gegn sjálfvirkum verðbreytingum
3. Bann við vísitölutengingu

Nefndin mælir með því að setja skilyrði fyrir verðbreytingum í samningssamböndum sem tryggja upplýsingaskyldu seljanda og takmarka binditíma og auka þar með neytendavernd. Samfara þessari leið mætti fara í samstarfsáttak í að breyta rótgrónu verðtryggingarhugarfari landsmanna og hvetja til þess að hugað sé vandlega að grundvelli verðbreytinga.

Nefndin er sammála um að nauðsynlegt sé að vekja upp meðvitund meðal fyrirtækja, opinberra aðila og neytenda sem stuðli að ábyrgum verðbreytingum sem byggja fyrst og fremst á raunverulegu kostnaðarmati viðkomandi aðila í stað þess að líta með beinum eða óbeinum hætti til almennrar verðlagsþróunar aftur í tímann líkt og víða tíðkast. Auka þarf verð- og neytendavitund og eðlilegt að verðhækkningar séu torveldaðar í þeim tilvikum þar sem raunverulegur kostnaðarauki býr ekki að baki.

1 Umfang sjálfvirkra verðbreytinga

Til að kanna umfang sjálfvirkra verðbreytinga stóð nefndin fyrir upplýsingaöflun af ýmsu tagi. Í fyrsta lagi voru send bréf til sveitarfélaga, orkufyrirtækja og leigu- og húsnæðisfélaga og óskað eftir upplýsingum um það hvernig staðið sé að verðbreytingum. Í öðru lagi var Capacent fengið til að gera könnun á verðbreytingum fyrirtækja. Í þriðja lagi áttu nefndarmenn samtöl við fulltrúa frá Ríkiskaupum og Reykjavíkurborg til að kanna hversu umfangsmiklar sjálfvirkar hækkningar væru í samningum þeirra. Að lokum var gerð úttekt á því hversu algengt það er að heimildir sé að finna í lögum til vísitölutenginga í gjaldskrá.

1.1 Verðbreytingar hjá sveitarfélögum, leigufélögum og orkufyrirtækjum

Send var fyrirspurn til 32 stærstu sveitarfélaga landsins, 11 orku- og veitufyrirtækja og 12 leigu- og húsnæðisfélaga. Svarhlutfall var í heildina 71%. Svör bárust frá 21 sveitarfélagi, þar á meðal átta stærstu sveitarfélögunum. 8 af 11 orkufyrirtækjum svöruðu og 8 af 12 leigu- og húsnæðisfélögum.

Fyrirspurnin hljóðaði svona:

Markmið með erindi þessu er að afla upplýsinga um hvernig staðið sé að verðhækkunum á opinberum gjaldskrá og þjónustusamningum og hvernig þær verðbreytingar eru ákvarðaðar. Óskað er eftir upplýsingum um alla gjaldskylda starfsemi viðkomandi stofnunar eða sveitarfélags og fyrirtæki því tengdu. Er þannig óskað eftir að gerður sé sérstakur greinarmunur á:

- Í hvaða tilfellum lagaákvæði hafa að geyma fyrirmæli um hvernig tiltekin gjöld skuli hækkuð, t.d. með vísitölutengingu.
- Í hvaða tilfellum verðhækkningar eru framkvæmdar sjálfvirk á grundvelli fyrirfram ákveðinna fyrirmæla eða með kerfisbundnum hætti án þess að það sé bundið í lög.
- Í hvaða tilfellum ákvarðanir um verðhækkningar eru teknar sjálfstætt hverju sinni og þá óskað eftir að gerð sé grein fyrir því til hvaða þátta sé helst litið við ákvörðun á umfangi hækkana.

1.1.1 Sveitarfélög

Helstu niðurstöður úr svörum frá sveitarfélögum eru þær að ekki er um að ræða að tiltekin gjöld séu hækkuð með vísitölutengingu samkvæmt lögum. Hins vegar er töluvert um það að verðhækkningar séu framkvæmdar sjálfvirk með kerfisbundnum hætti m.v. vísitölur. Algengt er að gjöld eins og byggingaleyfi og gatnagerðargjöld hækki sjálfvirk einu sinni á ári m.v. byggingarvísitölu og einnig eru leigusamningar oft bundnir vísitölu neysluverðs. Aðrar gjaldskrárhækkningar taka mjög oft mið af breytingum á vísitölu neysluverðs. Í svörum frá sveitarfélögunum kemur víða fram að ekki sé um beintengingu við vísitölu að ræða í ýmsum gjaldskrá heldur séu ákvarðanir teknar sjálfstætt hverju sinni og þá yfirleitt einu sinni á ári þegar bæjarstjórn kemur saman og ákveður gjaldskrá næsta árs. Það kemur hins vegar fram að yfirleitt sé horft til breytinga á neysluverðsvísitölu eða verðbólguþáttar fyrir næsta ár og því ljóst að þó ekki sé um beintengingu að ræða sé töluvert horft til breytinga á vísitölu neysluverðs. Einnig sé í mörgum tilfellum litið til kostnaðar við þjónustuna og þar vegi launaliðurinn oft þungt og því jafnvel horft til launavísitölu. Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu hækkar t.d. sums staðar í takt við launavísitölu.

Ef litið er til einstakra svara má nefna að svar frá Reykjavíkurborg var á þá leið að ekki sé um sjálfvirkar hækkningar að ræða heldur sé litið til væntrar hækkunar verðlags milli ára skv. þjóðhagssþá. Sorpa hækki þó sína gjaldskrá í takt við vísitölutryggða samninga. Í Kópavogi eru ekki sjálfvirkar hækkningar en verð- og launapróun síðasta árs skoðuð. Sorphirða er

hækkuð m.t.t. hækkunar kostnaðar. Í Hafnarfirði hækkar þjónustugjaldskrá skipulags- og byggingarfulltrúa m.v. vísitölu í upphafi árs, rekstrarsamningar við íþróttafélög hafa einnig vísitölutengingu en annars er litið til verðlagsþróunar og hugsanlegra breytinga á umfangi þjónustu. Á Akureyri er gatnagerðargjald tengt vísitölu, húsaleiga tengd vísitölu neysluverðs en aðrar gjaldskrár hafa ekki breyst samkvæmt vísitölu. Í Reykjanesbæ er horft til verðlagsbreytinga og hvort starfsemin standi undir kostnaði. Í Garðabæ er gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu miðuð við launavísitölu, gjaldskrá vegna byggingarleyfa miðast við byggingarvísitölu, gjaldskrá vatnsveitu og fráveitu er miðuð við fasteignamat og sömuleiðis lóðaleiga. Húsaleiga í félagslegu húsnæði sveitarfélaganna hækkar reglulega miðað við vísitölu neysluverðs. Aðrar breytingar á gjaldskrár eru ákveðnar í bæjarstjórn og þá litið til kostnaðarhækkana í viðkomandi málaflokki, þá helst launabreytinga og verðlagsþróunar.

1.1.2 Húsnæðis- og leigufélög

Svör frá húsnæðis- og leigufélögum voru á þá leið að hjá öllum svarendum er leiga/búseturértargjald tengt vísitölu neysluverðs nema í einu tilviki þar sem notið er greiðslujöfnunarvísitala sem er launavísitala vegin með atvinnustigi. Flestir svarendur vísa til þess að skuldbindingar félagsins séu að mestu verðtryggðar.

1.1.3 Orkumarkaður

Landsvirkjun:

Landsvirkjun selur um 50% af því rafmagni sem unnið er fyrir heildsölumarkað hér á landi en selur ekki rafmagn í smásölu. Samkvæmt svari fyrirtækisins til nefndarinnar er engin formleg gjaldskrá til fyrir sölu fyrirtækisins á heildsölumarkaði. Allar verðbreytingar eru bundnar í samninga fyrirtækisins en styttri samningar eru að jafnaði án verðtryggingar en lengri samningar líklegri til að vera verðtryggðir.

Veitufyrirtæki:

Nefndin leitaði svara hjá sex veitufyrirtækjum. Svör bárust frá fimm þeirra. Veitufyrirtæki sjá um flutning og dreifingu á raforku samkvæmt sérleyfi á ákveðnu landsvæði auk þess sem mörg þeirra starfrækja hitaveitur, vatnsveitur og fráveitukerfi.

Orkuveita Reykjavíkur segir í svari sínu til nefndarinnar að fyrirtækið hafi skuldbundið sig gagnvart eigendum sínum og lánaðrottnum til að láta gjaldskrár fylgja þróun verðlags. Að öðru leyti má greina svör veitufyrirtækja skv. eftirfarandi:

Dreifing raforku: Orkustofnun setur sérleyfisstarfsemi fyrirtækjanna tekjuramma í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 og vísa flest fyrirtækin til þess að breytingar á gjaldskrá fyrir þessa þjónustu taki mið af þeim tekjuramma.

Hitaveita: Skv. orkulögum nr. 58/1967 skal gjaldskrá fyrir hitaveitur lögð fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðherra til staðfestingar. Almennt er vísað til þess að verðbreytingar fylgi verðlagsþróun enda þurfi að sýna fram á sérstaka hækkunarþörf umfram það til þess að ráðuneytið fallist á annað.

Kalt vatn: Skv. 11 gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga skal vatnsgjald áveðið sem hlutfall af fasteignamati en heimilt er að binda önnur gjöld vatnsveitna við breytingar á byggingarvísitölu. Vatns- og fráveitugjöld eru almennt innheimt sem hlutfall af fasteignamati samhliða fasteignagjöldum sveitarfélaga en í Reykjavík sér Orkuveita Reykjavíkur um innheimtu þessara gjalda. Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir kalt vatn hækkar skv. byggingarvísitölu á þriggja mánaða fresti og fráveitugjöld breytast í samræmi við byggingarvísitölu í desember ár hvert.

Stofn- og þjónustugjöld: Fylgja almennt þróun verðlags skv. byggingarvísitölu eða vísitölu neysluverðs.

Raforkusölufyrirtæki:


Nefndin leitaði svara hjá sex raforkusölufyrirtækjum. Svör bárust frá fjórum þeirra. Raforkusala og framleiðsla skal skv. lögum vera aðskilin frá sérleyfisstarfssemi fyrirtækjanna og starfrækja öll fyrirtækin, að Rafveitu Reyðarfjarðar undanskilinni, sérstök raforkusölufyrirtæki sem sjá um sölu á raforku til viðskiptavina og starfa á samkeppnisgrundvelli. Þrjú af fjórum raforkusölufyrirtækjum sem svöruðu könnun nefndarinnar segja að verð breytist með hliðsjón af breytingum á orkuverði Landsvirkjunar sem taki breytingum skv. vísitölu neysluverðs. Eitt fyrirtæki sagði mið tekið af markaðsaðstæðum, framleiðslukostnaði og verðbreytingum samkeppnisaðila þegar verðákvarðanir væru teknar.

1.2 Verðbreytingar hjá fyrirtækjum á almennum markaði


Til að meta umfang vísitölutenginga í verðlagningu hjá einkafyrirtækjum var ákveðið að nýta fyrirtækjavagn Capacent. Í fyrirtækjavagni Capacent er fjöldi fyrirtækja spurður fjölbreyttra spurninga varðandi starfsemi sína. Hópurinn taldi þá aðferð geta gefið mikilvægar vísbendingar er varða verðbreytingar fyrirtækja á almennum markaði. Einnig taldi hópurinn auknar líkur á að svörun yrði góð þar sem Capacent hefur valið úrtak og aflað tenginga við stjórnendur fyrirtækja.

Úrtak könnunarinnar var 1406 forsvarsmenn fyrirtækja en fjöldi svarenda var 538 sem gefur 38,3% þátttökuhlutfall. Með spurningunum í könnuninni var reynt að ná fram til hvaða þátta fyrirtækin litu við ákvarðanatöku um verðlagningu. Sérstaklega var spurt um vægi vísitalna í ákvörðunum um verðlagningu og að hve miklu leyti verð á aðföngum þeirra væru tengd við vísitölur. Rétt er að geta þess að í niðurstöðum spurningakönnunarinnar má finna sundurliðun svara eftir stærð fyrirtækja og veltu, atvinnugrein, staðsetningu o.fl. Í skýrslu nefndarinnar er aðeins vakin athygli á helstu niðurstöðum og því ekki um tæmandi umfjöllun að ræða. Í viðauka má finna niðurstöður úr könnun Capacent í heild.

Í könnuninni var spurt hversu stór hluti af sölu fyrirtækisins væri á tilteknu formi svo sem eftir verðskrá, í þjónustusamningum, umsamið í hvert og eitt skipti o.fl. Í ljós kom að um helmingur af sölu fyrirtækja er eftir verðskrá. Næstalgengast var að samið væri um verð hverju sinni og svo að þau væru bundin í þjónustusamningum. Einungis 5% er ákvarðað með öðrum hætti.




Þá var spurt út í hvaða þættir skipta mestu við að ákvarða breytingar á verðskrá fyrirtækisins:




Um fimmtungur fyrirtækja nefndi breytingar á vísitölu neysluverðs sem mikilvægustu ástæðu verðbreytinga á sinni verðskrá. Samtals settu um 39% fyrirtækja breytingar á vísitölu neysluverðs sem einn þriggja helstu þátta við ákvörðun verðskrár. Samkvæmt þessum niðurstöðum nefna fyrirtæki frekar samkeppnissjónarmið (50%) og breytingar á framleiðsluverði (46%) heldur en breytingar á vísitölu neysluverðs (39%). Þó er ljóst að breytingar á vísitölu neysluverðs er stór áhrifapáttur við verðlagningu fyrirtækja.

Einnig var spurt hversu stór hluti innlendra aðfanga/samninga fyrirtækisins væri talinn beintengdur við vísitölur. Fyrirtækin töldu að tæplega helmingur þeirra innlendu aðfanga og samninga sem þau gerðu væru beintengd vísitölum. Af þessu má ráða að fyrirtæki telja almennt að tenging aðfanga og þjónustu við vísitölu sé algeng við breytingar á verðum.



Fyrirtækin voru auk þess spurð með hvaða hætti þau kynntu verðbreytingar sínar. Um 60% þeirra tilkynna verðbreytingar ekki sérstaklega. Við svörun var fyrirtækjum gefinn kostur á að velja fleiri en einn svarmöguleika (sjá neðangreinda valkosti).



Athygli vekur að í um 60% tilfella er ekki um neina sérstaka tilkynningu að ræða þegar verðbreytingar eiga sér stað. Um 20% fyrirtækja kynna verðbreytingar í tölvupósti og í um 18% tilfella eru verðbreytingar bundnar í samningum.

Niðurstöðurnar eru í hnotskurn eftirfarandi:

- 1) **Þættir sem fyrirtæki telja skipta mestu máli við að ákvarða breytingar á verðskrá**
 - Um 20% fyrirtækja telja vísitölu neysluverðs mikilvægasti áhrifaþáttinn varðandi ákvörðun verðlagningar.
 - Um 39% telja vísitölubreytingar mikilvægan áhrifaþátt breytinga á verðskrá fyrirtækisins.
- 2) **Mat fyrirtækja á hve stór hluti aðfanga tengdur er við vísitölu**
 - Að meðaltali telja fyrirtæki að 46% innlendra aðfanga þeirra séu beintengd vísitölu
 - Að meðaltali telja fyrirtæki að 45% innlenda samninga þeirra séu beintengd vísitölu
- 3) **Kynning fyrirtækja á verðbreytingum?**
 - Í 60% tilfella tilkynna fyrirtæki viðskiptavinum ekki sérstaklega um breytingar á verði
 - Um 20% tilkynna með tölvupósti
 - Um 18% binda hækkanir í samning
 - 62% á neytendamarkaði tilkynna ekki, 48% á fyrirtækjamarkaði
 - 54% fyrirtækja með þjónustusamning tilkynna ekki verðbreytingar
- 4) **Verðbreytingar í þjónustusamningum**
 - Tæp 34% þjónustusamninga eru bundnir vísitölu neysluverðs
 - Tæp 16% eru bundnir annarri vísitölu
 - Því eru um 50% þjónustusamninga bundnir vísitölum.

1.3 Samningsbundnar hækkanir m.v. vísitölu hjá Ríkiskaupum og Reykjavíkurborg

Nefndin sendi einnig fyrirspurn til Ríkiskaupa og Reykjavíkurborgar til að kanna hversu algengt það væri að samningar um opinber kaup á aðföngum væru bundnir vísitölum. Í ljós kom að það var töluvert algengt.

1.3.1 Ríkiskaup

Hjá Ríkiskaupum var gerð stutt athugun á verkefnum árána 2013 og 2014. Eingöngu voru skoðuð útboð á þjónustu s.s. ræstingar, tryggingar, sorphirða og skólaakstur. Af þessum útboðum voru tólf verkefni skoðuð af þeim 30 - 40 sem gætu fallið inn í þennan flokk. Niðurstaðan var sú að átta útboð af þessum tólf eru með einhverri útgáfu vísitöluákvæða, eða 67%. Af þessu má draga þá ályktun að þjónustuútboð með ríkjandi launabátt eru oftast en ekki með vísitöluákvæði og er þá helst miðað við launavísitölu en stundum blöndu af launavísitölu og vísitölu neysluverðs.

1.3.2 Reykjavíkurborg

Hjá Reykjavíkurborg fengust þau svör að nánast allir samningar sem gerðir eru til eins ár eða lengur, varðandi vörukaup eða þjónustukaup, innihaldi vísitölutengingu. Í langflestum tilfellum sé miðað við launavísitölu eða vísitölu neysluverðs en hitt sé líka til, að blanda af undirvísitölum séu notaðar í samninga þó það sé sjaldgæfara. Sem dæmi um mismunandi vísitölutengingar var nefnt að í rammamningi um þjónustu sérfræðinga (verkfræðinga og arkitekta) sé aðeins miðað við launavísitölu enda laun sérfræðinga aðalatriðið þegar kemur

að útgjöldum samningsaðila. Annað dæmi var samningur um hópbifreiðapjónustu en í honum sé auk launavísitölu (60%) einnig litið til undirvísitalna neysluverðs eða olíu (10%), fjármagns (12%), viðgerða (12%) og varahluta (6%) enda ljóst að kostnaður þjónustuaðila sé dreifðari. Um hreinsun gatna og gönguleiða hafi verið gerður samningur þar sem miðað sé við samsettar vísitölur, annars vegar undirvísitölu vísitölu neysluverðs um rekstur ökutækja (70%) og hins vegar launavísitölu (30%).

1.4 Heimildir í lögum til sjálfvirkra gjaldskrárhækkana

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá ráðuneytum um heimildir í lögum til gjaldskrárhækkana opinberra aðila. Svör bárust frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og velferðarráðuneyti. Af svörum ráðuneytanna má álykta að umtalsverðar heimildir eru í ýmsum lögum til hækkana gjalda. Fjármála- og efnahagsráðuneytið vakti athygli á leigusamningum sem Jarðeignir ríkisins gera um einstakar jarðir og lóðir en fjárhæð jarðarafgjalda er á forræði Jarðasjóðs en um sjóðinn gilda innri reglur ráðuneytisins sem settar hafa verið til að gæta almenns jafnræðis milli leigutaka ríkisins. Leigufjárhæðir hafa fylgt hækkun byggingarvísitölu.

Í athugasemdum frá velferðarráðuneytinu kemur fram að í frumvarpi til fjárlaga hvers árs eru gjöld og sértekjur stofnana sett fram á áætluðu verðlagi komandi árs í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Í frumvarpinu er þ.a.l. gert ráð fyrir hækkun á gjöldum og sértekjum stofnana. Til að ná tilætluðum sértekjum þarf að breyta reglugerðum um gjaldtöku stofnana s.s. gjöldum í heilbrigðisþjónustunni, sbr. reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 635/2014. Á sama hátt eru sett fram ákvæði um verðlagsforsendur í þjónustusamningum, sem gerðir eru til lengri tíma en eins árs. Í samningunum er almennt miðað við að greiðslur hækki í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga hvers árs og er miðað við að ákveðið hlutfall af framlagi ríkisins hækki í samræmi við hækkun launa og ákveðið hlutfall hækki vegna annars kostnaðar en launa, á sama hátt og hjá ríkisstofnunum sem annast sambærilega starfsemi. Ráðherra hefur heimild til að ákvarða gjöld fari gjaldtakan ekki í bága við ákvæði gildandi laga. Þá er einkum verið að vísa til gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni. Þannig getur ráðherra skapað sér svigrúm til að auka framlög til stofnana. Ef um hagræðingaraðgerðir er að ræða við gerð fjárlaga geta gjöld t.a.m. á sjúklinga hækkað með reglugerðarbreytingum umfram verðlagsforsendur fjárlaga.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti tók fram að ráðherra staðfesti gjaldskrárbreytingar hitaveitna, skv. orkulögum. Algengasta ástæðan sem hitaveitur gefa fyrir gjaldskrárhækkunum er sú að verið sé að hækka gjaldskrá til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Í sumum tilvikum er slíkt byggt á samþykktum stjórnar, t.d. hjá Orkuveitu Reykjavíkur þar sem stjórn hefur samþykkt að stefna að því að gjaldskrár haldi raungildi sínu til lengri tíma og taki því mið af öðrum verðlagshækkunum í samfélaginu. Stjórnin hefur veitt forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur heimild til að ákvarða breytingar á gjaldskrá á 6 mánaða fresti og skulu breytingarnar taka mið af þróun vísitölu neysluverðs. Þá er í lánaskilmálum Orkuveitu Reykjavíkur ákvæði um að fyrirtækið tryggi að verðskrár haldi verðgildi sínu.

Af svörum ráðuneytanna er ljóst að víða er að finna heimildir sem gera ráð fyrir sértekjum stofnana ríkisins. Að mati nefndarinnar er það sérstakt úrlausnarefni ef ríkisvaldið vill takmarka slíkar heimildir.

2 Leiðir til að draga úr umfangi sjálfvirkra verðbreytinga

Nefndinni var falið að skoða leiðir til að sporna gegn því að sjálfvirkar hækkunar á vöru og þjónustu og tenging við vísitölu neysliverðs leiði til aukinnar verðbólgu og kanna hvaða leiðir séu færar til að minnka áhrif verðtryggðra samninga á markaði. Ekki kemur fram hvort einblína skuli á samninga á neytendamarkaði eða hvort einnig skuli huga að samningum á milli fyrirtækja en ljóst er að ólík sjónarmið eiga við eftir því hvort áhersla er á neytendavernd í samningum einstaklinga við fyrirtæki eða hvort einnig skuli lögð áhersla á reglusetningu eða tilmæli sem beinast að fyrirtækjum í viðskiptum þeirra sín á milli. Í umfjölluninni hér á eftir er því tæpt á hvoru tveggja. Það er heldur ekki tekin afstaða til þess hvort eingöngu skuli huga að skammtímasamningum eða hvort langtímasamningar falli einnig hér undir og því er lauslega tæpt á þeim muni hér að neðan.

Nefndin ræddi helst þrjár leiðir til að sporna gegn sjálfvirkum vísitöluhækkunum en í þeim öllum felst hvatning til að íhuga vel grundvöll verðbreytinga:

1. Bann við vísitölutengingu
2. Stíf skilyrði fyrir verðbreytingum í föstum viðskiptasamböndum
3. Samstarfsáttak gegn sjálfvirkum verðbreytingum

2.1 Bann við vísitölutengingu

Fyrsti möguleikinn sem kemur til skoðunar þegar spurt er hvernig eigi að sporna við sjálfvirkum vísitöluhækkunum er hvort ekki sé einfaldlega hægt að banna þær. Bann við sjálfvirkum verðhækkunum myndi þá líklega leiða til þess að semja þyrfti um verðhækkunar í langtímaskuldbindingum fyrirfram eða að semja sérstaklega um verðbreytingar á samningstímanum. Slíkt gæti verið til þess fallið að auka verðvitund og efla samkeppni.

Slíkt bann gæti þá annaðhvort verið altækt eða sértækt s.s. þannig að það eigi aðeins við í neytendaviðskiptum. Sem fyrr segir geta ólík sjónarmið átt við eftir því hvort um er að ræða neytendasamninga eða samninga milli lögaðila. Ef farin yrði sú leið að setja altækt bann við sjálfvirkum vísitöluhækkunum væri eðlilegast að það yrði gert með ákvæði í lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 eða með reglum sem settar yrðu á grundvelli þeirra laga. Ef ákveðið yrði að banna sjálfvirkar vísitöluhækkunar í neytendaviðskiptum mætti annaðhvort fara þá leið að setja inn sjálfstæð ákvæði í lög um neytendakaup nr. 48/2002 og lög um þjónustukaup nr. 42/2000, eða að setja ákvæði í lög um vexti og verðtryggingu sem vísuðu til fyrrgreindra laga.

Einnig þyrfti að taka afstöðu til þess hvort bann við vísitölutengingu ætti á ná til allra vísitalna eða hvort það skyldi eiga við um sumar vísitölur en ekki aðrar.

Hugsanlegt er að bann ætti eingöngu við skammtímasamninga. Ólík sjónarmið geta átt við eftir því hvort um samninga til styttri eða lengri tíma er að ræða. Nú er lagt bann við verðtryggingu sparifjár og lánsfjár vegna innlána sem bundin eru til skemmri tíma en þriggja ára og útlána þar sem lánað er til skemmri tíma en fimm ára. Þess ber að geta að OECD hefur ítrekað gert athugasemdir við þessa takmörkun í úttektum sínum um Ísland og telur enga skynsamlega réttlætingu vera fyrir slíkum takmörkunum.

Varðandi útfærslu og framkvæmd þá væri einn möguleiki að setja nýtt ákvæði í lög nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga um að ákvæði sem fælu í sér sjálfvirkar vísitöluhækkunar teldust bersýnilega ósanngjörn í skilningi 36. gr. laganna. Felur það ákvæði í sér að sjálfvirkar vísitöluhækkunar væru ekki sjálfkrafa bannaðar heldur gæti hver sá sem er ósáttur við vísitöluna borið ákvæðið fyrir sig og mætti þá víkja verðbreytingaákvæðinu til hliðar.

Bann við vísitölutengingu myndi kalla á aukið eftirlit með samningsskilmálum sem óhjákvæmilega myndi leiða til aukins kostnaðar sem gæti fallið til annaðhvort á vettvangi Neytendastofu, nýrrar úrskurðarnefndar eða fyrir dómstólum.

Nefndarmenn hafa sett ákveðna fyrirvara við þennan möguleika enda fæli slík ráðstöfun í sér víðtæka skerðingu á samningsfrelsinu og erfitt að rökstyðja nauðsyn þess að grípa til svo afdrifaríkra ráðstafana. Málefnaleg sjónarmið geta verið fyrir því að verðákvæði langtímasamninga séu verðtryggðir enda felur það í sér ákveðinn fyrirsjáanleika. Ljóst er að seljendur vöru, veitendur þjónustu, leigusalar o.fl. myndu veigra sér við að gera skuldbindandi langtímasamninga ef þeir hefðu ekki kost á að tryggja að verðþátturinn fylgdi verðlagi eftir, sér í lagi á tímum mikillar verðbólgu. Þá er hætta á að farið verði framhjá slíku banni með ýmsum leiðum eða að farið verði að semja um verðhækkanir fyrirfram sem geti leitt til verðhækkana umfram verðbólguvæntingar og þ.a.l. leitt til verðbólguþrýstings. Þá er ólíklegt að bann við sjálfvirkum vísitöluhækkunum gagnist nema í þeim tilvikum þar sem sannarlega eru verðtryggingarákvæði í samningum en líkt og könnun nefndarinnar leiddi í ljós er mun algengara bæði hjá fyrirtækjum og opinberum aðilum að verðlagsþróun sé höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um verðbreytingar án þess að um beina sjálfvirka verðtryggingu sé að ræða. Erfitt er að sjá að bannákvæði um sjálfvirkar vísitöluhækkanir í lögum og reglugerðum muni koma í veg fyrir þessa framkvæmd sem byggir fremur á því almenna viðhorfi sem tíðkast hér á landi um að sjálfsagt sé að verðtryggja endurgjald fyrir vöru og þjónustu. Efnahagslegan langtímastöðugleika og hugarfarsbreytingu þarf til að unnt verði að ná fram varanlegri breytingu á þessari framkvæmd.

2.2 Stíf skilyrði fyrir verðbreytingum í föstum viðskiptasamböndum

Annar kostur sem nefndin ræddi varðandi leiðir til að sporna gegn sjálfvirkum vísitöluhækkunum er að sett yrðu skilyrði fyrir því með hvaða hætti mætti framkvæma verðbreytingar í samningssambandi. Hér er um að ræða vægara úrræði til að draga úr sjálfvirkum vísitöluhækkunum miðað við algert bann og meðalhófs frekar gætt.

Nokkuð ólík sjónarmið kunna að vera uppi eftir því hvort fjallað er um viðfangsefnið út frá sjónarhóli neytendaverndar eða samninga milli lögaðila. Neytendavernd er fremur takmörkuð á þessu sviði hér á landi. Almennu eru ekki í gildi neinar reglur um að seljendum beri að tilkynna neytendum sérstaklega um hækkanir á viðskiptasamningum. Þá eru engin lagaákvæði sem tryggja neytendum rétt til að segja sig frá áður gerðum samningum innan ákveðins tíma eða takmarka binditíma neytenda við slíkar aðstæður.

Út frá neytendavernd má færa fyrir því sterk rök að eðlilegt væri að settar yrðu reglur sem skylduðu seljendum til að tilkynna neytendum með skilmerkilegum hætti um hækkanir á viðskiptasamningum. Eins og fram kom í kafla 1.2. um könnun Capacent á verðbreytingum fyrirtækja er í tæplega 60% tilvika engin sérstök tilkynning um verðbreytingar. Setja mætti slíkar reglur á grundvelli laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, en samkvæmt þeim hefur Neytendastofa m.a. heimild til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Sömuleiðis væri, út frá neytendavernd, mögulegt að takmarka binditíma neytenda í samningum og tryggja að þeir eigi þess ávallt kost að segja sig frá samningum án viðbótarkostnaðar innan ákveðins tíma, geri seljandi breytingar á verði og viðskiptaskilmálum.

Það færi eftir útfærslu slíkra hugmynda hvar breytingarnar ættu heima, ef breytingarnar væru á grundvelli neytendaverndar þá mætti setja inn ákvæði í lög um neytendakaup nr. 48/2002 og lög um þjónustukaup nr. 42/2000. Ef setja ætti víðtækari takmarkanir þá kæmi

væntanlega helst til greina að setja ákvæði í lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 eða reglum settum á grundvelli þeirra laga.

Slík skilyrði sem gætu falið í sér t.d. ríkar upplýsinga- og tilkynningarskyldur í tengslum við verðbreytingar gætu verið vel til þess fallnar að stuðla að betur ígrunduðum verðbreytingum, auka verðvitund og efla samkeppni. Þá mætti styðja við samkeppni og aukin hreyfanleika viðskiptavina með takmörkunum á lengd uppsagnarfrests en fyrirmyndir að slíku er að finna t.d. í dönskum neytendarétti.

Ef slíkar takmarkanir væru settar á forsendum neytendaverndar mætti sjá fyrir sér að rík upplýsinga- og tilkynningarskylda til að upplýsa um allar breytingar með ákveðnum fyrirvara geti virkað sem hindrun og komið í veg fyrir að verð sé hækkað nema að kostnaðarþróun gefi sérstakt tilefni til breytinga. Neytandi gæti þannig fengið svigrúm til að losa sig úr samningssambandinu með styttri uppsagnarfresti við slíkar breytingar. Væri slíkt aðhald til þess fallið að auka verðvitund og efla hreyfanleika viðskiptavina og þar með samkeppni.

Líkt og ef farin yrði sú leið að banna verðtryggingu myndi setning slíkra skilyrða fyrir verðbreytingum kalla á það að þessu yrði fylgt eftir með einhvers konar eftirliti sem hefði þá væntanlega í för með sér aukinn kostnað sem gæti fallið til annaðhvort á vettvangi Neytendastofu, nýrrar úrskurðarnefndar eða fyrir dómstólum.

2.3 Samstarfsátak gegn sjálfvirkum verðbreytingum

Þriðja leiðin til þess að sporna gegn sjálfvirkum vísitöluhækkunum er að höfða til fyrirtækja og opinberra aðila með sérstakri herferð þar sem hvatt er til bættra vinnubragða við verð- og gjaldskrárbreytingar. Fyrirtæki og opinberir aðilar væru þannig hvattir til að hverfa frá þeirri venju að horfa til liðinnar verðbólgu við verðákvæðanir og byggja fremur á kostnaðarþróun í eigin starfsemi. Aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið að viðlíka samstarfsátökum í tengslum við gerð kjarasamninga þar sem fyrirtæki og opinberir aðilar hafa verið hvattir til að halda aftur af verðhækkunum í þeim tilgangi að ná niður verðbólgu og verðbólguvæntingum með tilheyrandi áhrifum á kaupmátt. Ólíkt fyrri samstarfsátökum væri hér hins vegar fyrst og fremst höfðað til breytts hugarfars og vinnubragða við verð- og gjaldskrárbreytingar til lengri tíma.

Ljóst er að árangur hvatningarátaka sem þessara er illmælanlegur. Erfitt kann að vera að meta áhrif einstakra þátta á verðbreytingar og hvert samspil þátta á borð við launabreytinga, gengissveiflna, skattabreytinga og hvatningar um ábyrgar verðhækkanir er. Ætla má þó að árangur slíkra átaka kunni að vera nokkur til skamms tíma litið. Telji fyrirtæki t.a.m. að samkeppnisáðilar þeirra muni hækka hóflega eiga þau erfiðara með að hækka mikið. Áhrif umfjöllunar um verðhækkanir fyrirtækja getur haft áhrif á orðspor þeirra og virkað sem hvati til hóflegra hækkana. Samkeppnisstaða fyrirtækja er þó mjög misjöfn og ætla má að átök af þessu tagi hafi nokkuð ólík áhrif á ákvarðanir þeirra.

Ólíklegt verður að teljast að tímabundið hvatningarátak verði eitt og sér til þess að breyta rótgrónu hugarfari og vinnubrögðum við verðbreytingar til frambúðar. Áhrif slíks átaks myndu þó að líkindum styðja vel við aðrar breytingar sem gerðar kynnu að vera til að sporna gegn sjálfvirkum vísitöluhækkunum s.s. banni eða stífum skilyrðum eins og fjallað er um í köflum 2.1 og 2.2. Þannig væri skynsamlegt að horfa til langtíma upplýsinga- og kynningarátaks sem hefði að leiðarljósi að breyta rótgrónu verðtryggingarhugarfari landsmanna og hvetja fyrirtæki og opinbera aðila til þess að huga vandlega að grundvelli verðbreytinga í stað þess að hækkanir í takt við verðlag séu sjálfsagðar og teljist í raun ekki hækkanir. Þannig mætti auka kostnaðarvitund bæði neytenda og þeirra sem taka ákvarðanir um verð- og gjaldskrárbreytingar. Mikilvægt er í þessu samhengi að opinberir aðilar, bæði ríki og sveitarfélög, gangi á undan með góðu fordæmi, taki virkan þátt í samstarfsátakinu og sýni vilja sinn til breytinga í verki.

2.4 Aukinn hreyfanleiki

Mögulegt væri að kanna aðrar leiðir sem myndu stuðla að auknum hreyfanleika viðskiptavina og veita þannig virkara aðhald við verðlagningu. Mætti þannig takmarka hámarks lengd uppsagnarfrests að danskri fyrirmynd og gera neytendum þannig kleift að segja upp samningum með stuttum fyrirvara ef þeir telja sjálfvirkar verðbreytingar hafa gert viðskiptin óeftirsóknarverð.

Þess má geta að nýverið voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um váttryggingasamninga nr. 30/2004 sem taka gildi 1. júlí 2015 og kveða á um að váttryggingataki geti flutt váttryggingavernd sína til annars tryggingafélags á gildistíma samningsins með tilteknum fyrirvara. Breytingin var gerð í framhaldi af athugasemdum frá ESA og eiga breytingarnar m.a. að vera til þess fallnar að stuðla að aukinni samkeppni. Telja nefndarmenn umræddar breytingar jákvæðar og að aukin samkeppni á þessum markaði sem öðrum geti stutt við það markmið að draga úr áhrifum sjálfvirkra verðbreytinga.

Lokaorð

Upplýsingaöflun nefndarinnar leiddi í ljós að töluvert er um sjálfvirkar hækkanir bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði. Þetta á við um bæði sjálfvirkar og hálf sjálfvirkar verðbreytingar þar sem horft er til breytinga á vísitölu þó teknar séu sjálfstæðar ákvarðanir hverju sinni. Einnig á þetta við um leigufélög og orkufyrirtæki og í samningum um kaup á aðföngum og þjónustu bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði.

Í tilfellum þar sem kostnaður fylgir raunverulega verðlagsþróun geta sjálfvirkar verðhækkanir í einhverjum tilvikum átt rétt á sér, til dæmis í tilviki leigufélaga sem fjármagna fjárfestingu með verðtryggðum lánum. Verðhækkanir eru hins vegar víða óþarflega sjálfvirkar. Eins og sést á svörum frá sveitarfélögum og fyrirtækjum er viðtekin venja að horfa til vísitölu neysluverðs þegar farið er í verðhækkanir í stað þess að skoða kostnaðarliði og greina þannig þörf fyrir verðbreytingar. Þetta gerist þrátt fyrir að vísitala neysluverðs sé að líkindum oft ekki góður mælikvarði á kostnaðarþróun fyrirtækja og opinberrar þjónustu þar sem hún mælir breytingar á verðlagi einkaneyslu hér á landi, þ.e. neyslu heimila. Það að hækka í takt við verðlag telst oft ekki vera verðhækkun í huga þess sem er að verðleggja. Hvers konar verðhækkunir á neysluvörum heimila valda hins vegar hækkun á vísitölu neysluverðs og valda þar með verðhækkunum í næstu umferð ef til staðar eru sjálfvirkar vísitölutengingar. Auka þarf verð- og neytendavitund og eðlilegt að verðhækkunir séu torveldaðar í þeim tilvikum þar sem raunverulegur kostnaðarauki býr ekki að baki.

Nefndin fjallaði helst um þrjár leiðir til að sporna gegn sjálfvirkum verðhækkunum, þ.e. bann við vísitölutengingu, stíf skilyrði fyrir verðbreytingum í föstum viðskiptasamböndum og samstarfsáttak gegn sjálfvirkum verðbreytingum. Nefndin hallast helst að því að mæla með því að setja skilyrði fyrir verðhækkunum í samningssamböndum sem tryggja upplýsingaskyldu seljanda og takmarka binditíma, hugsanlega í sambland við einhvers konar áttak í að breyta rótgrónu verðtryggingarhugarfari landsmanna og hvetja til þess að hugað sé vandlega að grundvelli verðbreytinga.

Nefndin er sammála um að nauðsynlegt sé að auka meðvitund meðal fyrirtækja, opinberra aðila og neytenda og stuðla að ábyrgum verðbreytingum sem byggja fyrst og fremst á raunverulegu kostnaðarmati viðkomandi aðila í stað þess að líta með beinum eða óbeinum hætti til almennrar verðlagsþróunar aftur í tímann líkt og víða tíðkast. Í þessu samhengi er þó brýnt að hafa hugfast að óstöðugleiki í almennu efnahagsumhverfi með miklum gengis- og verðlagssveiflum býr að miklu leyti að baki þeirri hefð sem hér hefur skapast við að verðtryggja eða líta með óbeinum hætti til verðlagsþróunar við ákvarðanir um verðbreytingar.

Heimildaskrá

Capacent: Niðurstöður könnunar á umfangi sjálfvirkra vísitöluhækkana, dags. 12. desember 2014.

OECD. OECD Economic Surveys: Iceland 2006.

OECD. OECD Economic Surveys: Iceland 2008.

Reykjavíkurborg. Símtal við og tölvupóstar frá Jóhönnu Eirný Hilmarsdóttur, deildarstjóra innkaupadeildar hjá Reykjavíkurborg í janúar 2015.

Ríkiskaup: Símtal við og tölvupóstar frá Guðmundi Hannessyni, forstöðumanni ráðgjafarsviðs hjá Ríkiskaupum í janúar 2015.

Svör frá sveitarfélögum við fyrirspurn forsætisráðuneytisins, dags. 10. október 2014. Svör bárust frá eftirtöldum sveitarfélögum: Akranesi, Akureyri, Borgarbyggð, Dalvíkurbyggð, Fjarðabyggð, Fljótshálsa, Garðabæ, Hafnarfirði, Húnaþingi vestra, Hveragerði, Ísafirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Norðurþingi, Rangárþingi ytra, Reykjanesbæ, Reykjavík, Sandgerði, Snæfellsbæ, Skagafirði og Vogum.

Svör frá orkufyrirtækjum við fyrirspurn forsætisráðuneytisins, dags. 10. október 2014. Svör bárust frá eftirtöldum fyrirtækjum: Fallorku, HS veitu, Landsvirkjun, Norðurorku, Orku Náttúrunnar, Orkusölu, Orkuveitu Reykjavíkur og RARIK.

Svör frá húsnæðis- og leigufélögum við fyrirspurn forsætisráðuneytisins, dags. 10. október 2014. Svör bárust frá eftirtöldum félögum: Brynju - Hússjóði Öryrkjabandalagsins, Búmunnum, Búseta, Byggingarfélagi námsmanna, Félagsbústöðum, Félagsstofnun stúdenta á Akureyri, Kletti leigufélagi og Naustavör – þjónustuíbúðum Hrafnistu.

Svör frá ráðuneytum við fyrirspurn forsætisráðuneytisins, dags. 28. október 2014. Svör bárust frá eftirtöldum ráðuneytum: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og velferðarráðuneyti.

Forsætisráðuneytið

Verðbreytingar á fyrirtækjamarkaði

Nóvember-deseember 2014

Efnisyfirlit

Bls.

3 Framkvæmdalýsing

4 Helstu niðurstöður

Ítarlegar niðurstöður

9 Sp. 1 Hversu stór hluti af sölu fyrirtækisins er á eftirfarandi formi?

12 Sp. 2 Hverjir af eftirfarandi þáttum skipta mestu máli við að ákvarða breytingar á verðskrá fyrirtækisins?

15 Sp. 3 Með hvaða hætti kynnir fyrirtækið verðbreytingar?

18 Sp. 4 Ef þú hugsar um þá þjónustusamninga sem fyrirtækið gerir við viðskiptavinum sína. Hvernig eru verðbreytingar ákveðnar í flestum þeirra?

22 Sp. 5 Ef þú hugsar um þá rekstarleigusamninga sem fyrirtækið gerir við viðskiptavinum sína. Hvernig eru verðbreytingar ákveðnar í flestum þeirra?

23 Sp. 6 Hversu stór hluti innlendra aðfanga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysliverðs?

26 Sp. 7 Hversu stór hluti innlendra samninga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysliverðs?

29 Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

Framkvæmdalýsing

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Forsætisráðuneytið
Markmið	Að skoða hvernig verðhækkunum íslenskra fyrirtækja er háttað
Framkvæmdatími	14. nóvember - 8. desember 2014
Aðferð	Síma- og netkönnun
Úrtak	1406 fyrirtæki með fjóra starfsmenn eða fleiri, handahófsvalin úr fyrirtækjaskrá og Viðhorfahópi Capacent Gallup meðal forsvarsmanna fyrirtækja
Verknúmer	4024448

Stærð úrtaks og svörun

Úrtak	1406
Svara ekki	868
Fjöldi svarenda	538
Pátttökuhlutfall	38,3%




Helstu niðurstöður

Hversu stór hluti af sölu fyrirtækisins er á eftirfarandi formi?

Meðaltal



- Sala eftir verðskrá
- Bundin í þjónustusamningum
- Sala þar sem verð er ákveðið með öðrum hætti
- Sala þar sem samið er um verð í hvert og eitt skipti
- Í rekstrarleigusamningum




Hverjir af eftirfarandi þáttum skipta mestu máli við að ákvarða breytingar á verðskrá fyrirtækisins?

Allir




Sala eftir verðskrá




■ Mikilvægast ■ Næst mikilvægast ■ Þriðja mikilvægast ■ Samtals


Samið um verð í hvert skipti



Bundin í þjónustusamningum




Hversu stór hluti ... fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?





Ítarlegar niðurstöður

Sp. 1. Hversu stór hluti af sölu fyrirtækisins er á eftirfarandi formi?



	Sala eftir verðskrá			Sala þar sem samið er um verð í hvert og eitt skipti			Bundin í þjónustusamningum			Í rekstrarleigusamningum			Sala þar sem verð er ákveðið með öðrum hætti		
	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-
0%	104	27,1	4,4	163	42,4	4,9	254	66,1	4,7	369	96,1	1,9	343	89,3	3,1
1-10%	23	6,0	2,4	51	13,3	3,4	32	8,3	2,8	11	2,9	1,7	19	4,9	2,2
11-20%	23	6,0	2,4	23	6,0	2,4	9	2,3	1,5	0	0,0	0,0	7	1,8	1,3
21-30%	19	4,9	2,2	22	5,7	2,3	11	2,9	1,7	2	0,5	0,7	2	0,5	0,7
31-40%	13	3,4	1,8	11	2,9	1,7	9	2,3	1,5	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0
41-50%	25	6,5	2,5	21	5,5	2,3	16	4,2	2,0	1	0,3	0,5	0	0,0	0,0
51-60%	10	2,6	1,6	9	2,3	1,5	6	1,6	1,2	0	0,0	0,0	1	0,3	0,5
61-70%	15	3,9	1,9	8	2,1	1,4	8	2,1	1,4	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0
71-80%	18	4,7	2,1	11	2,9	1,7	11	2,9	1,7	1	0,3	0,5	0	0,0	0,0
81-90%	28	7,3	2,6	14	3,6	1,9	10	2,6	1,6	0	0,0	0,0	1	0,3	0,5
91-99%	13	3,4	1,8	6	1,6	1,2	4	1,0	1,0	0	0,0	0,0	1	0,3	0,5
100%	93	24,2	4,3	45	11,7	3,2	14	3,6	1,9	0	0,0	0,0	10	2,6	1,6
Fjöldi svara	384	100,0		384	100,0		384	100,0		384	100,0		384	100,0	
Tóku afstöðu	384	71,4													
Fyrirtækið selur engar vörur eða þjónustu	57	10,6													
Tóku ekki afstöðu	97	18,0													
Fjöldi svarenda	538	100,0													
Meðaltal		49%			29%			16%			1%			4%	
Vikmörk ±		4%			4%			3%			1%			2%	
Staðalfrávik		41%			37%			30%			5%			18%	

Sp. 1. Hversu stór hluti af sölu fyrirtækisins er á eftirfarandi formi?

Greiningar - Meðaltöl

	Fjöldi	Sala eftir verðskrá	Sala þar sem samið er um verð í hvert og eitt skipti	Bundin í þjónustusamningum	Í rekstrarleigusamningum	Sala þar sem verð er ákveðið með öðrum hætti
Heild	384	49	29	16	1	4
Staðsetning						
Höfuðborgarsvæðið	237	48	26	19	1	6
Landsbyggðin	147	52	25	13	0	10
Ársvelta fyrirtækisins á síðasta ári án VSK						
0-99 milljónir	84	50	27	16	1	6
100-199 milljónir	77	47	26	17	0	10
200-399 milljónir	51	60	20	15	1	4
400-999 milljónir	61	46	27	15	0	12
1.000 milljónir eða meira	44	41	30	24	0	4
Fjöldi starfsmanna						
4-10	184	50	27	14	0	8
11-15	50	47	24	22	1	6
16-30	56	53	28	14	0	4
31-99	44	47	23	24	0	6
100 eða fleiri	15	38	19	29		15
Fjöldi á skrifstofu						
Enginn	37	53	32	4		11
1	104	55	21	14		9
2	46	55	26	13	1	6
3 til 5	80	43	31	18	1	7
6 til 10	45	38	37	21	1	2
11 eða fleiri	39	46	14	32	1	6

Þar sem einkunn er feitletruð og lituð með bláu er marktækur munur á milli hópa

Sp. 1. Hversu stór hluti af sölu fyrirtækisins er á eftirfarandi formi?


Greiningar - Meðaltöl

	Fjöldi	Sala eftir verðskrá	Sala þar sem samið er um verð í hvert og eitt skipti	Bundin í þjónustu- samningum	Í rekstrar- leigu- samningum	Sala þar sem verð er ákveðið með öðrum hætti
Heild	384	49	29	16	1	4
Starfar fyrirtækið á neytenda- eða fyrirtækjamarkaði? *						
Neytendamarkaði	107	69	14	12	0	5
Fyrirtækjamarkaði	90	27	33	27	1	10
Bæði	146	50	32	12	0	6
Til hvaða starfsgreinar má telja meginstarfsemi fyrirtækisins?						
Iðnaðar	89	44	34	10	1	11
Þjónustu	168	47	26	23	0	3
Verslunar	67	71	14	10	1	5
Landbún./Fiskveiða	28	29	43	4		24
Annarrar starfsemi	32	47	15	24	2	12

Þar sem einkunn er feitletruð og lituð með bláu er marktækur munur á milli hópa

Sp. 2. Hverjir af eftirfarandi þáttum skipta mestu máli við að ákvarða breytingar á verðskrá fyrirtækisins?


	Mikilvægast			Næst mikilvægast			Þriðja mikilvægast			Fjórða mikilvægast		
	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-
Samkeppnissjónarmið	84	25,6	4,7	50	15,2	3,9	29	8,8	3,1	21	6,4	2,6
Breytingar á framleiðslukostnaði	66	20,1	4,3	60	18,3	4,2	26	7,9	2,9	9	2,7	1,8
Breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma	64	19,5	4,3	34	10,4	3,3	30	9,1	3,1	32	9,8	3,2
Þróun hráefnisverðs	76	23,2	4,6	30	9,1	3,1	21	6,4	2,6	12	3,7	2,0
Annað	38	11,6	3,5	4	1,2	1,2	6	1,8	1,5	2	0,6	0,8
Fjöldi svara	328	100,0		178			112			76		
Tóku afstöðu	328	85,4		178	54,3		112	62,9		76	67,9	
Fyrirtækið hefur ekki verðskrá	33	8,6										
Tóku ekki afstöðu	23	6,0		150	45,7		66	37,1		36	32,1	
Fjöldi aðspurðra	384	100,0		328	100,0		178	100,0		112	100,0	
Spurðir	384	71,4		328	61,0		178	33,1		112	20,8	
Ekki spurðir	154	28,6		210	39,0		360	66,9		426	79,2	
Fjöldi svarenda	538	100,0		538	100,0		538	100,0		538	100,0	



Þeir sem sögðust selja vörur og þjónustu (sp. 1) voru spurðir þessarar spurningar.

Sp. 2. Hverjir af eftirfarandi þáttum skipta mestu máli við að ákvarða breytingar á verðskrá fyrirtækisins?

Greiningar




* Marktækur munur

- Samkeppnissjónarmið
- Breytingar á framleiðslukostnaði
- Annað
- Þróun hráefnisverðs
- Breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma

Sp. 2. Hverjir af eftirfarandi þáttum skipta mestu máli við að ákvarða breytingar á verðskrá fyrirtækisins?

Greiningar



* Marktækur munur

** Þar sem nefna mátti fleiri en einn svarmöguleika er marktækt ekki reiknuð


- Samkeppnissjónarmið
- Próun hráefnisverðs
- Breytingar á framleiðslukostnaði
- Breytingar á vísitölu neysliverðs á hverjum tíma
- Annað

Sp. 3. Með hvaða hætti kynnrir fyrirtækið verðbreytingar?

	Fjöldi	%	+/-
Engin sérstök tilkynning	213	59,8	5,1
Tilkynnt í tölvupósti	71	19,9	4,2
Fyrirfram ákveðið í samningi	65	18,3	4,0
Frétt eða tilkynning um nýja verðskrá	35	9,8	3,1
Tilkynnt með bréfi	24	6,7	2,6
Með öðrum hætti	34	9,6	3,1
Fjöldi svara	442		
Tóku afstöðu	356	92,7	
Tóku ekki afstöðu	28	7,3	
Fjöldi aðspurðra	384	100,0	
Spurðir	384	71,4	
Ekki spurðir	154	28,6	
Fjöldi svarenda	538	100,0	

Þeir sem sögðust selja vörur og þjónustu (sp. 1) voru spurðir þessarar spurningar.

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn sva möguleika. Hlutfallstölur eru því rei knaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Sp. 3. Með hvaða hætti kynnir fyrirtækið verðbreytingar?























Greiningar

	Fjöldi	Engin sérstök tilkynning	Tilkynnt í tölvupósti	Fyrirfram ákveðið í samningi	Frétt eða tilkynning um nýja verðskrá	Tilkynnt með bréfi	Með öðrum hætti	Engin sérstök tilkynning
Heild	356	60%	20%	18%	10%	7%	10%	60%
Staðsetning								
Höfuðborgarsvæðið	218	59%	18%	20%	11%	6%	8%	59%
Landsbyggðin	138	62%	22%	16%	9%	7%	12%	62%
Ársvelta fyrirtækisins á síðasta ári án VSK								
0-99 milljónir	79	65%	19%	16%	9%	8%	9%	65%
100-199 milljónir	72	64%	18%	19%	3%	1%	13%	64%
200-399 milljónir	49	55%	24%	20%	10%	6%	14%	55%
400-999 milljónir	59	53%	15%	27%	15%	5%	5%	53%
1.000 milljónir eða meira	43	49%	33%	14%	16%	21%	14%	49%
Fjöldi starfsmanna								
4-10	172	62%	20%	19%	6%	5%	12%	62%
11-15	48	54%	25%	19%	6%	4%	4%	54%
16-30	55	65%	25%	16%	15%	5%	4%	65%
31-99	44	57%	18%	20%	16%	14%	18%	57%
100 eða fleiri	14	36%	7%	29%	29%	21%	14%	36%
Fjöldi á skrifstofu								
Enginn	33	64%	21%	21%	6%	3%	6%	64%
1	99	69%	15%	13%	3%	5%	10%	69%
2	44	52%	23%	14%	16%	11%	9%	52%
3 til 5	77	56%	29%	22%	10%	5%	10%	56%
6 til 10	43	53%	16%	30%	9%	2%	16%	53%
11 eða fleiri	38	50%	21%	21%	24%	18%	8%	50%

Þar sem prósentur eru feitletraðar og litaðar með bláu er marktækur munur á milli hópa

Sp. 3. Með hvaða hætti kynnir fyrirtækið verðbreytingar?

Greiningar

	Fjöldi	Engin sérstök tilkynning	Tilkynnt í tölvupósti	Fyrirfram ákveðið í samningi	Frétt eða tilkynning um nýja verðskrá	Tilkynnt með bréfi	Með öðrum hætti	Engin sérstök tilkynning
Heild	356	60%	20%	18%	10%	7%	10%	 60%
Starfar fyrirtækið á neytenda- eða fyrirtækjamarkaði?								
Neytendamarkaði	97	62%	14%	14%	14%	8%	14%	 62%
Fyrirtækjamarkaði	85	48%	26%	27%	6%	6%	8%	 48%
Bæði	146	64%	21%	18%	8%	7%	8%	 64%
Til hvaða starfsgreinar má telja meginstarfsemi fyrirtækisins?								
Iðnaðar	86	69%	17%	23%	3%	3%	10%	 69%
Þjónustu	154	56%	17%	21%	11%	6%	8%	 56%
Verslunar	60	65%	27%	8%	12%	7%	8%	 65%
Landbún./Fiskveiða	26	50%	46%	12%	8%	19%	4%	 50%
Annarrar starfsemi	30	53%	7%	13%	20%	7%	20%	 53%
Hverjir af eftirfarandi þáttum skipta mestu máli við að ákvarða breytingar á verðskrá?								
Breytingar á vísitölu neysluverðs :	63	54%	10%	14%	19%	11%	10%	 54%
Þróun hráefnisverðs	76	71%	20%	14%	12%	7%	16%	 71%
Breytingar á framleiðslukostnaði	61	57%	25%	20%	5%	7%	5%	 57%
Samkeppnissjónarmið	83	58%	25%	23%	8%	4%	11%	 58%
Annað	37	54%	27%	14%	5%	8%	11%	 54%
Form sölu - nefnt **								
Bundin í þjónustusamningum	130	54%	23%	25%	14%	11%	10%	 54%
Sala eftir verðskrá	280	59%	20%	16%	12%	7%	12%	 59%
Samið um verð í hvert skipti	221	60%	20%	23%	9%	7%	11%	 60%
Verð ákveðið með öðrum hætti	51	48%	30%	27%	11%	18%	5%	 48%
Form sölu - 51% eða hærrí **								
Bundin í þjónustusamningum	53	42%	29%	29%	15%	19%	4%	 42%
Sala eftir verðskrá	177	65%	17%	9%	11%	5%	12%	 65%
Samið um verð í hvert skipti	93	66%	15%	25%	2%	3%	2%	 66%
Verð ákveðið með öðrum hætti	14	63%	38%	25%				 63%


Þar sem prósentur eru feitletraðar og litaðar með bláu er marktækur munur á milli hópa

** Þar sem nefna mátti fleiri en einn svarmöguleika er marktækt ekki reiknuð

Sp. 4. Ef þú hugsar um þá þjónustusamninga sem fyrirtækið gerir við viðskiptavinina sína. Hvernig eru verðbreytingar ákveðnar í flestum þeirra?


	Fjöldi	%	+/-
Peir eru bundnir vísitölu neysluverðs	37	33,6	8,8
Peir eru bundnir annarri vísitölu eða viðmiðum	17	15,5	6,8
Með öðum hætti	16	14,5	6,6
Verð er fast allan samningstímann	40	36,4	9,0
Fjöldi svara	110	100,0	
Tóku afstöðu	110	84,6	
Tóku ekki afstöðu	20	15,4	
Fjöldi aðspurðra	130	100,0	
Spurðir	130	24,2	
Ekki spurðir	408	75,8	
Fjöldi svarenda	538	100,0	

Þeir sem sögðust vera með þjónustusamning (sp. 1) voru spurðir þessarar spurningar.



Sp. 4. Ef þú hugsar um þá þjónustusamninga sem fyrirtækið gerir við viðskiptavinina sína. Hvernig eru verðbreytingar ákveðnar í flestum þeirra?


Greiningar



Sp. 4. Ef þú hugsar um þá þjónustusamninga sem fyrirtækið gerir við viðskiptavini sína. Hvernig eru verðbreytingar ákveðnar í flestum þeirra?

Greiningar

Fjöldi



■ Þeir eru bundnir vísitölu neysluverðs

■ Þeir eru bundnir annarri vísitölu eða viðmiðum

■ Með öðum hætti

■ Verð er fast allan samningstímann

Sp. 4. Ef þú hugsar um þá þjónustusamninga sem fyrirtækið gerir við viðskiptavinum sína. Hvernig eru verðbreytingar ákveðnar í flestum þeirra?

Önnur vísitala:

- Byggingavísitala (nefnt af 2).
- Gengi (nefnt af 2).
- Gengi og hráefnisverð.
- Launavísitölu (nefnt af 5).
- Launavísitölu, þar sem laun eru stærsti hluti kostnaðar.
- Miðað við kostnaðarútreikninga.
- Vaxtatölu Sí.
- Verðum í verðlista.
- Verðþróun efnis.
- Viðkomandi stéttarfélags.

Með öðrum hætti:


- Af stjórn.
- Breytingar á tollgengi og aðflutningsgjöldum.
- Fast verð plús vextir.
- Fast verð. Lengri samningar þó oft með verðbótaákvæðum, t.d. ef vísitala neysluverðs fer yfir 5% á tímabilinu.
- Fylgir breytingum á verðlista fyrirtækisins.
- Hráefnisverð.
- Hækkun á hráefni.
- Launabreytingar og vísitölur.
- Litið til vísitölu, umsamið.
- Oftast háð breytum á hráefnisverðum.
- Tilboð.
- Um hver áramót eru verðin skoðuð og hækkuð ef þurfa þykir.
- Umsamið hverju sinni.
- Vegna hækkunar á eldsneyti, rekstrarvöru og launa.
- Það veltur á vísitölu og þróun þjónustuþarfar hvers og eins.

Sp. 5. Ef þú hugsar um þá rekstarleigusamninga sem fyrirtækið gerir við viðskiptavinina sína. Hvernig eru verðbreytingar ákveðnar í flestum þeirra?

	Fjöldi	%	+/-
Þeir eru bundnir vísitölu neysluverðs	9	75,0	24,5
Þeir eru bundnir annarri vísitölu eða viðmiðum	1	8,3	15,6
Með öðum hætti	1	8,3	15,6
Verð er fast allan samningstímann	1	8,3	15,6
Fjöldi svara	12	100,0	
Tóku afstöðu	12	80,0	
Tóku ekki afstöðu	3	20,0	
Fjöldi aðspurðra	15	100,0	
Spurðir	15	2,8	
Ekki spurðir	523	97,2	
Fjöldi svarenda	538	100,0	


Þeir sem sögðust vera rekstarleigusamning (s.p. 1) voru spurðir þessarar spurningar.

Í þessari spurningu eru svarendur fáir og ber því að túlka hlutfallstölur með varúð. Af sömu ástæðu eru ekki sýndar greiningar.



Sp. 6. Hversu stór hluti innlendra aðfanga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?


	Fjöldi	%	+/-
0 %	18	6,4	2,8
1-10%	43	15,2	4,2
11-20%	33	11,7	3,7
21-30%	33	11,7	3,7
31-40%	8	2,8	1,9
41-50%	19	6,7	2,9
51-60%	19	6,7	2,9
61-70%	18	6,4	2,8
71-80%	31	11,0	3,6
81-90%	29	10,2	3,5
91-99%	14	4,9	2,5
100%	18	6,4	2,8
Fjöldi svara	283	100,0	
Tóku afstöðu	283	52,6	
Kaupi engin innlend aðföng	44	8,2	
Tóku ekki afstöðu	211	39,2	
Fjöldi svarenda	538	100,0	
Meðaltal	46%		
Vikmörk ±	4%		
Staðalfrávik	34%		




Spurningin var í heild sinni orðuð á eftirfarandi hátt:
 „Næst er spurt um verðbreytingar á aðföngum sem keypt eru frá íslenskum birgjum. Hversu stór hluti innlendra aðfanga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?“.

Sp. 6. Hversu stór hluti innlendra aðfanga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?

Greiningar




* Marktækur munur á meðaltölum



Sp. 6. Hversu stór hluti innlendra aðfanga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?

Greiningar




* Marktækur munur á meðaltölum

** Þar sem nefna mátti fleiri en einn svarmöguleika er marktækt ekki reiknuð

■ 0%-10% ■ 11-30% ■ 31-70% ■ 71-90% ■ 91-100%

Sp. 7. Hversu stór hluti innlendra samninga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?


	Fjöldi	%	+/-
0 %	28	10,4	3,7
1-10%	32	11,9	3,9
11-20%	25	9,3	3,5
21-30%	33	12,3	3,9
31-40%	17	6,3	2,9
41-50%	17	6,3	2,9
51-60%	20	7,5	3,1
61-70%	14	5,2	2,7
71-80%	19	7,1	3,1
81-90%	33	12,3	3,9
91-99%	9	3,4	2,2
100%	21	7,8	3,2
Fjöldi svara	268	100,0	
Tóku afstöðu	268	49,8	
Erum ekki með neina innlenda samninga um kaup á vörum eða þjónustu	79	14,7	
Tóku ekki afstöðu	191	35,5	
Fjöldi svarenda	538	100,0	
Meðaltal	45%		
Vikmörk ±	4%		
Staðalfrávik	34%		




Spurningin var í heild sinni orðuð á eftirfarandi hátt: „Nú er spurt um verðbreytingar í samningum sem þið eruð með við íslenska birgja. Hversu stór hluti innlendra samninga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?“.

Sp. 7. Hversu stór hluti innlendra samninga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?

Greiningar




* Marktækur munur á meðaltölum



Sp. 7. Hversu stór hluti innlendra samninga fyrirtækisins telur þú að sé beintengdur við vísitölur/vísitölu neysluverðs?

Greiningar



* Marktækur munur á meðaltölum

** Þar sem nefna mátti fleiri en einn svarmöguleika er marktækt ekki reiknuð

■ 0%-10% ■ 11-30% ■ 31-70% ■ 71-90% ■ 91-100%

Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög hlynnt(ur) (5)	217	27,6	3,1
Frekar hlynnt(ur) (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar andvíg(ur) (2)	61	7,8	1,9
Mjög andvíg(ur) (1)	19	2,4	1,1
Hlynnt(ur)	72,9		3,1
Hvorki né	16,9		2,6
Andvíg(ur)	10,2		2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	69,2	
Tóku ekki afstöðu	350	30,8	
Fjöldi aðspurðra	1.136	100,0	
Spurðir	1.136	95,8	
Ekki spurðir	50	4,2	
Fjöldi svarenda	1.186	100,0	
Meðaltal (1-5)		3,9	
Vikmörk ±		0,1	

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 28% þátttakenda eru mjög hlynnt því sem spurt var um og ríflega 45% frekar hlynnt. Ef teknir eru saman þeir sem segjast frekar og mjög hlynntir má sjá að í heildina eru tæplega 73% hlynnt málefnum. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 30,8%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög hlynnt(ur) (fj. x 5) + frekar hlynnt(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar andvíg(ur) (fj. x 2) + mjög andvíg(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

Vikmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)


Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstöl og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggja innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýðinu spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) verið mjög hlynnt málefnum. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar séu frekar hlynntir málefnum en mjög hlynntir því.

Greiningar og marktækt

Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 29% karla eru mjög hlynntir málefnum á móti 26% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjómumerktur, eins og í tilfelli aldurs spurningarinnar í greiningunni hér fyrir neðan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litaðar dökkgrár til áherslu.

Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir neðan má sjá að eftir því sem fólk eldist er það hlynntara málefnum og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir aldurshópum á sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar).

Langst til hægri á myndinni hér fyrir neðan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal karla hefur lækkað um 0,3 stig frá síðustu mælingu (er nú 3,9 og var síðast 3,6). Stjórnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að karlmenn séu nú að jafnaði hlynntari málefnum en þeir voru í síðustu mælingu.



Að lokum

Reykjavík, 12. desember 2014

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Trausti Ágústsson
Sigríður Herdís Bjarkadóttir

Allar ábendingar varðandi framsetningu skýrslunnar eru vel þegnar.
Vinsamlegast sendið tölvupóst á abending@capacent.is til að koma þeim á framfæri.